


45. 60 ÁRA- AFMÆLISLJÓÐ KEA


1940

Moderato con festività


piu f




Nú bros - ir bær og sveit, og bjart er út að sjá, en
2.v. Nú geym - a graf - ir þá og góð-minning - a - safn, sem



vors-ins tungu tal - ar allt sem tala' og syngja má. Vér
gáf - u allr - a ey - firð-ing - a ósk - a - barn - i nafn. Þeir



leggj - umbendi' í hönd; nú hljóð-i gleð-i - lag. Vort
átt - u þrek og þor og þrosk - a til að sjá að



eft - ir-lætti' og ósk - a - barn á af - mæl - i í dag.
bræðr - a' - lag er bjargið það sem byggj - a skyld - i á.

3. Og hina hylla skal
sem horfa létu rétt,
þó stefni vandi stundum að,
þá stefnu' er fyrst var sett.
Þeim verður varla gleymt
sem vaskir troða braut
þó falli þeir, sem feðurnir
í fósturjarðar skaut.

4. Því vaki vaskur her
og vinni nú það heit
að hjálpa vorsins vöttum til
að verma bæ og sveit.
Vér leggjum hendi' í hönd.
Vér höfum reynslu þá
að bræðralag er bjargið, sem
að byggja verður á.

SVEINN BJARMAN

B. N. 208